

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

10. fundur, haldinn í sal A í byggingu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þriðjudaginn 25. febrúar 2020, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Kristinn Arason, Hulda Árnadóttir, Arnar Ólafsson og Sólveig Jónsdóttir.

Boðuð forföll: Kristín Ívarsdóttir, Arnar Ólafsson, Harpa Þorláksdóttir, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Þór Ólafsson og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Árnadóttir.

1. Úthlutun afrekssjóðs – Til upplýsinga

Framkvæmdastjóri fer yfir efni bréfsins og þær ráðstafanir sem gera þarf áður en greiðslur geta hafist.

2. Úthlutun ríkisstyrks – Til upplýsinga

Framkvæmdastjóri fer yfir efni bréfsins og skilmála greiðslna.

3. Skráning raunverulegra eigenda félagasamtaka - Bréf til sambandsaðila ÍSÍ til upplýsinga

Framkvæmdastjóri fer yfir efni bréfs til sambandsaðila ÍSÍ vegna skráningar raunverulegra eigenda félagasamtaka. Stjórnarmenn þurfa að undirrita viðeigandi eyðublöð og verða boðaðir í því skyni.

4. Skráningar í leyfiskerfi FSÍ

Farið yfir svar frá Fimleikadeild Ármanns vegna skráninga í leyfiskerfi FSÍ og fund framkvæmdastjóra og formanns með forsvarsmönnum deildarinnar.

Umræður.

5. Móta og keppnisreglur FSÍ

Framkvæmdastjóri fer yfir fyrirbyggjandi drög.

Ákveðið að vísa reglum aftur til laganefndar FSÍ til lokayfirlestrar og athugasemda.



6. Uppgjör ársins 2019

Eva Hrund fer yfir uppgjör ársins 2019 eins og það stendur.

7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 19:00.

10. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 17. mars 2020, kl. 12:00.

